



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÖLDUR OG SKÍNANDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

Fjárhagsáætlun Strandabyggðar, 2026-2029

Greinargerð

Sveitarstjórn Strandabyggðar leggur nú fram rekstrar- og fjárhagsáætlun ársins 2026 og næstu þriggja ára þar á eftir. Í þessu skjali er einblínt á árið 2026. Áætlun næstu þriggja ára má finna á heimasíðu sveitarfélagsins, að lokinni seinni umræðu sveitarstjórnar um fjárhagsáætlun 2026-2029.

Rekstur sveitarfélagsins

Rekstur sveitarfélagsins er og hefur verið sveiflukenndur undanfarin ár. Ljóst er að það má lítið útaf bera og almennt er svigrúm til niðurskurðar lítið. Tap var á síðasta ári upp á kr. 48.850.000 og er ein helsta skýring þess sú, að framlög Jöfnunarsjóðs drógust saman um 120 milljónir á síðasta ári. Slík skerðing á tekjum hefur auðvitað áhrif. Hlutfall Jöfnunarsjóðs í tekjum Strandabyggðar hefur lengi verið í kring um 40% en var á síðasta ári tæp 30%. Það er æskilegt til lengri tíma, að þetta hlutfall lækki og að nýir tekjustofnar verði til í Strandabyggð. Auknar tekjur, eru í raun eina leiðin áfram fyrir sveitarfélagið, til uppvaxtar og arðbærs reksturs.

Við gerð fjárhagsáætlunar er jafnan stuðst við leinbeinandi gögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, um þróun efnahags- og atvinnumála í landinu og styðst sveitarstjórn við þau gögn í sinni vinnu, nú sem fyrr. Tekin er umræða um útsvarshlutfallið, fasteignaskatta, verðbólguþá og aðrar slíkar efnahagslegar breytur.

Sveitarstjórn samþykkti að útsvarshlutfall árið 2026 verði jafnt lögbundnu hámarki sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 eins og þau eru á hverjum tíma og er því gert ráð fyrir að hámarkshlutfallið verði áfram 14,97% á árinu 2026.

Hvað fasteignaskatta varðar, samþykkti sveitarstjórn eftirfarandi:

- a. 0,625% af álagningarstofni íbúðarhúsa, útihúsa og sumarbústaða ásamt lóðarleiguréttindum og jarðeigna skv. a-lið 3. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Um er að ræða hámarks álagningu.
- b. 1,32% af álagningarstofni opinbers húsnæðis, skv. b-lið 3. gr. laga nr. 4/1995.
- c. 1,65% af álagningarstofni allra annara fasteigna og lóða skv. c-lið 3. gr. laga nr. 4/1995

Rekstrar og afkomuspá Strandabyggðar fyrir árin 2026-2029 er eftirfarandi:

Samantekið - A og B hluti - með viðaukum						
	Rauntölur 2024	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027	Áætlun 2028	Áætlun 2029
Rekstrarreikningur						
Rekstrartekjur						
Útsvar og fasteignaskattur.....	380.769	399.962	428.586	450.633	475.258	495.317
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	269.221	330.367	270.465	277.227	284.157	291.261
Aðrar tekjur.....	265.051	269.243	293.289	300.622	308.137	315.841
	915.041	999.572	992.340	1.028.481	1.067.552	1.102.419
Rekstrargjöld						
Laun og launategð gjöld.....	533.487	566.960	572.160	595.619	619.443	644.221
Lífeyrisskuldbinding, breyting.....	6.840	14.100	7.570	9.500	9.500	9.500
Annar rekstrarkostnaður.....	306.700	340.981	258.519	264.982	271.607	278.397
	847.028	922.041	838.249	870.101	900.550	932.118
Rekstramiðurstaða fyrir afskriftir	68.013	77.531	154.091	158.381	167.002	170.301
Afskriftir.....	(45.989)	(57.046)	(60.064)	(63.540)	(65.176)	(66.015)
Rekstramiðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	22.025	20.485	94.027	94.841	101.826	104.286
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld): ⇄						
Vaxdatekjur og aðrar fjármunatekjur.....	12.199	8.393	3.500	3.500	3.500	3.500
Vaxdatekjur af krófum á eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	0	0
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(80.811)	(88.028)	(80.634)	(84.984)	(88.594)	(88.182)
Vaxtagjöld af skuldum við eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0	0	0
Gengismunur.....	0	0	0	0	0	0
	(68.612)	(79.635)	(77.134)	(81.484)	(85.094)	(84.682)
Rekstramiðurstaða án framlaga og skatta	(46.587)	(59.150)	16.893	13.357	16.732	19.605
Framlög frá eigin sjóðum.....	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu.....	(2.262)	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага.....	0	0	0	0	0	0
Tekjuskattur.....	0	0	0	0	0	0
Óreglulegir liðir, tekjur (gjöld).....	0	0	0	0	0	0
Rekstramiðurstaða	(48.849)	(59.150)	16.893	13.357	16.732	19.605

Eins og kemur fram, er áframhaldandi tap á rekstri Strandabyggðar, eða um tæpar 60 milljónir og eru ástæður þess margþættar. Minni tekjur, aukinn launakostnaður og aukinn kostnaður við framkvæmdir og viðhald. Það er ljóst, að reksturinn 2026 verður þröngur og ljóst að sveitarfélagið þarf að forgangsráða sínum fjárfestingum og kostnaði sérlega vel.

Efnahagur, eignir og skuldir

Undanfarin ár hefur Strandabyggð tekist á við miklar framkvæmdir og fjárfestingar og ljóst að slíkt er ekki gert nema með lántökum. Huga þarf því vel að skuldastöðu sveitarfélagsins á hverjum tíma. Hitt er svo annað, að þessi verkefni þurfti flest að vinna. Það varð að taka á mygluvanda grunnskólans, sem á sér margra ára sögu. Það varð að endurgera leikskólalóðina með tilheyrandi ófyrirséðum kostnaði. Það er komið að endurnýjum og endurhugsun í fráveitumálum og viðhaldsþörf vatnsveitu er talsverð. Allt eru þetta verkefni sem eru óumflýjanleg og þó viðhald eigna sveitarfélagsins hafi setið á hakanum á liðnum árum, getur slíkt ekki gengið til lengdar. Sveitarstjórn Strandabyggðar hefur því þurft að taka margar stórar og erfiðar ákvarðandi frá því hún tók við 2022.

Efnahagurinn er annars eftirfarandi:

Efnahagsreikningur - Eignir						
Fastafjármunir:						
Varanlegir rekstrarfjármunir:						
Fasteignir og lóðir	1.113.383	1.218.577	1.294.538	1.478.800	1.517.562	1.530.293
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur	250.737	262.848	275.340	270.801	281.569	287.402
Vélar, áhöld og tæki	176.158	133.543	135.521	109.759	106.052	91.473
Leigðar eignir	0	0	0	0	0	0
	1.540.278	1.614.968	1.705.400	1.859.360	1.905.183	1.909.168
Áhættufjármunir og langtímakröfur:						
Stofnframlög og eignarhlutir í öðrum félögum	54.295	54.295	68.694	68.694	68.694	68.694
Tekjuskattseign	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	0	0	0	0	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður	18.792	17.850	16.908	15.966	15.024	14.082
	73.087	72.145	85.602	84.660	83.718	82.776
Fastafjármunir	1.613.365	1.687.113	1.791.002	1.944.020	1.988.901	1.991.944
Veltufjármunir:						
Birgðir	0	0	0	0	0	0
Önnheimtar tekjur	78.546	78.546	78.546	78.546	78.546	78.546
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	0	0 (	0) (	0) (	0)	0
Næsta árs afborganir langtímakrafna	0	0	0	0	0	0
Næsta árs afb. langtímakr. á eigin fyrirt.	0	0	0	0	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður	942	942	942	942	942	942
Aðrar skammtímakröfur	13.298	13.298	13.298	13.298	13.298	13.298
Verðbréf	0	0	0	0	0	0
Handbært fé	9.593	21.071	46.808	40.607	34.715	28.129
Veltufjármunir	102.379	113.857	139.594	133.393	127.501	120.915
Eignir samtals	1.715.744	1.800.970	1.930.595	2.077.413	2.116.402	2.112.860

Efnahagsreikningur - Eigið fé og skuldir						
Eiginfjáreikningar:						
Eigið fé	338.618	279.468	296.361	309.718	326.449	346.054
Hlutfeldi minnihluta	1.695	1.695	1.695	1.695	1.695	1.695
	340.313	281.163	298.056	311.413	328.144	347.749
Skuldbindingar:						
Lífeyrisskuldbindingar	93.587	104.378	108.489	114.395	120.177	125.803
Tekjuskattskuldbinding	0	0	0	0	0	0
Aðrar skuldbindingar	0	0	0	0	0	0
	93.587	104.378	108.489	114.395	120.177	125.803
Langtímaskuldir:						
Skuldir við lánaðofnanir og aðrar langtímaskuldir	1.041.498	1.126.846	1.251.917	1.360.037	1.364.993	1.328.742
Leiguskuldir	0	0	0	0	0	0
Langtímaskuldir við eigin fyrirtæki	0	0	0	0	0	0
	1.041.498	1.126.846	1.251.917	1.360.037	1.364.993	1.328.742
Skammtímaskuldir:						
Skuldir við lánaðofnanir	19.881	54.881	19.881	19.881	19.881	19.881
Reiknuð fjárförf.	0	0	0	0	0	0
Viðskiptaskuldir	0	0	0	0	0	0
Skuldir við eigin fyrirtæki	0 (	0)	0	0	0 (	0)
Næsta árs afborganir langtímaskulda	90.423	103.312	121.591	140.790	152.084	159.297
Næsta árs afborganir leiguskulda	0	0	0	0	0	0
Næsta árs afborganir skuldbindinga	2.961	3.309	3.580	3.816	4.042	4.307
Næsta árs afb. langtímask. við eigin fyrirtæki	0	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	127.081	127.081	127.081	127.081	127.081	127.081
	240.346	288.583	272.133	291.568	303.088	310.566
Skuldir og skuldbindingar samtals	1.375.431	1.519.807	1.632.539	1.766.000	1.788.258	1.765.111
Eigið fé og skuldir samtals	1.715.744	1.800.970	1.930.595	2.077.412	2.116.402	2.112.860

Gert er ráð fyrir að lántökur á árinu 2026 nemi 180 milljónum.

Þegar rekstur sveitarfélagsins er skoðaður, er oft horft á helstu lykiltölur úr rekstri. Hér er yfirlit yfir þær helstu og sýnir fyrsti dálkurinn rauntölur 2024, síðan útkomuspá 2025 og þar á eftir áætlun 2026-2029:

Lykiltölur						
Í hlutfalli við tekjur						
Rekstrartekjur:						
Útsvar og fasteignaskattur	41,6%	40,0%	43,2%	43,8%	44,5%	44,9%
Framlög Jöfnunarsjóðs	29,4%	33,1%	27,3%	27,0%	26,6%	26,4%
Aðrar tekjur	29,0%	26,9%	29,6%	29,2%	28,9%	28,6%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Rekstrargjöld:						
Laun og launatengd gjöld	58,3%	56,7%	57,7%	57,9%	58,0%	58,4%
Annar rekstrarkostnaður	33,5%	34,1%	26,1%	25,8%	25,4%	25,3%
Afskriftir	5,0%	5,7%	6,1%	6,2%	6,1%	6,0%
Fjármagnsliðir, nettó	7,5%	8,0%	7,8%	7,9%	8,0%	7,7%
	104,3%	104,5%	97,5%	97,8%	97,5%	97,4%
Framlög frá eigin sjóðum	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Peningaleg staða (neikvæð)	(139,1%)	(140,7%)	(150,4%)	(158,7%)	(155,6%)	(149,1%)
Skuldir og skuldbindingar	150,3%	152,0%	164,5%	171,7%	167,5%	160,1%
Rekstramiðurstæða (neikvæð)	(5,3%)	(5,9%)	1,7%	1,3%	1,6%	1,8%
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	4,5%	5,4%	11,9%	11,8%	12,0%	12,0%
Fjárfestingarhreyfingar	(38,0%)	(13,2%)	(16,6%)	(21,1%)	(10,4%)	(6,3%)

Dálkarnir eru, rauntölur 2024, útgönguspá og síðan áætlun 2026 til 2029.

Þarna kemur m.a. fram að launakostnaður sveitarfélagsins, líkt og hjá öðrum sveitarfélögum, er hár, eða um 50% að jafnaði. Það er helst þar sem svigrúm er til hagræðingar, en á móti kemur að verkefnum sveitarfélagsins fjölga stöðugt, nemendum í skólunum hefur fjölgað á þessu ári o.s.frv., þannig að þessir hagræðingarmöguleikar eru yfirleitt meira í orði en á borði. Hjá Strandabyggð er ekki um óþarfa íburð eða kostnað að ræða og því af litlu að taka. Veltufé frá rekstri, er breyta sem oft er notuð til að meta stöðu sveitarfélags til að greiða skuldir og fjármagna framkvæmdir. Eins og sést, var árið 2024, sérlega erfitt, enda hafði sveitarfélagið þá staðið í miklum framkvæmdum og kostnaði vegna viðgerða á grunnskólanum. Sú fjárhagsáætlun sem hér er lögð fram fyrir 2026-2029, gerir ráð fyrir að vetufé frá rekstri aukist og verði yfir 10% öll árin.

Helstu áherslur í rekstri

Sem fyrr eru helstu áherslur í rekstri eftirfarandi:

- Fjölgun tekjuskapandi verkefna og styrking tekjustofna. Auknar tekjur eru leiðin áfram fyrir sveitarfélagið
- Skoðun nýrra atvinnutækifæri og efling núverandi atvinnugreina og skapa þannig svigrúm fyrir fyrirtæki að staðsetja sína starfsemi í Strandabyggð
- Aukin áhersla á markaðssetningu sveitarfélagsins, upplýsingamiðlun og almenna kynningu
- Fjölgun á skrifstofu vegna undirmönnunar og álags. Að auki eru samstarfsverkefni sveitarfélagsins það mörg og umfangsmikil, að þörf er á viðbótar starfskrafti til að sinna þar margvíslegri umsýslu
- Áframhaldandi aðhald og samnýting starfsfólks og eigna
- Endurskoðun á eignum og hugsanleg sala eigna.

Framkvæmdir og fjárfestingar

Miklar fjárfestingar hafa verið undanfarin ár í stofnunum sveitarfélagsins á sviði menntamála; grunnskólanum og leikskóla. Í báðum tilvikum var ekki um neina aðra leið að ræða en að framkvæma bæði verkefnin. Óneytanlega hefur þetta bitnað á öðrum fjárfestingum, í öðrum innviðum og almennri uppbyggingu. Það er alltaf vandrötuð leið fyrir sveitarstjórn, sem hefur úr takmörkuðu fjarmagni að móða, á ráðstaða því í framkvæmdir. Með réttu má segja, að til að vinna á innviðaskuld sveitarfélagsins þyrfti að leggja amk 100-150 milljónir í framkvæmdir á hverju ári næstu árin, til að sú skuld verði „að fullu“ greidd. Vissulega er það síðan svo að innviðir munu alltaf kalla á viðhald, endurbætur, uppbyggingu o.s.frv., en megin málið er að viðhafa reglulegt viðhald og koma þannig í veg fyrir stóru högginn, eins og mygluvandann í grunnskólanum.

Sveitarstjórn leggur til eftirfarandi fjárfestingar á árinu 2026:

Sorpmál	5,000,000
Lækjartún 16	1,500,000
Áhaldahús	5,000,000
Ráðhús	500,000
Grunnskólinn	9,250,000
Íþróttamiðstöð	9,340,000
Félagsheimili	2,000,000
Brandskjól	53,600,000
Götur/gangst	4,250,000
Höfnin	12,700,000
Vatnsveita	3,155,000
Fráveita	6,200,000
Sorpsamlag	38,000,000
Samtals	150,495,000

Strandabyggð mun einnig leggja fram stofnframlag í verkefni Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar vegna húsbýggingar í Brandskjólum, að upphæði um kr. 14.4 milljónir. Þessi upphæð færir hins vegar sem fjárfesting í eignarhlutum í félögum, en ekki í varanlegum rekstrarfjármunum. Þá kemur Strandabyggð einnig að fjárfestingum Sorpsamlagsins, í hlutfalli við eignarhlut.

Hér er um heldur minni fjárfestingu og verkefni að ræða heldur en undanfarin ár, enda nauðsynlegt að draga úr lántökum og kostnaði á næsta ári.

Það liggur fyrir að með þessari tillögu er lögð megin áhersla árið 2026 á uppbyggingu íbúðahverfis í Brandskjólum, til að mæta mikilli þörf fyrir húsnæði á Hólmavík. Einnig verður farið af stað með innviða uppbyggingu í tengslum við uppbyggingu hótels á Hólmavík og mun þar verða breyting á tjaldsvæði og aðkomu að íþróttamiðstöð. Þessi uppbygging hefst líka á næsta ári.

Þarna kemur einnig fram, að áfram verður unnið í endurbótum á vatnsveitu og fráveitu, enda hefur sveitarfélagið fengið styrki í þau verkefni frá Fiskeldissjóði á undanförunum árum. Þá verður ýtt af stað verkefni sem snýr að þróun varmaskiptakerfis til að draga úr rekstrarkostnaði við sundlaugina, enda fékk sveitarfélagið veglegan styrk í það verkefni frá Umhverfis- og orkusjóði, kr. 37.5 milljónir.

Á móti verður beðið með frekari malbikunarframkvæmdir, almenna viðgerð á gangstéttum og margt annað sem vissulega er þörf á að gera. Þessi forgangsöröðun er nauðsynleg engu að síður.

Slökkvilið – þátttaka í Brunavörnum Dala, Reykhóla og Stranda

Strandabyggð er samstarfsaðili að Byggðasamlagi um Brunavarnir Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar og verður svo áfram, amk fram á mitt ár 2026. Samstarfssamninginn þarf að skoða í ljósi hugsanlegrar sameingar Dalabyggðar og Húnaþings vestra. Áfram verður unnið að uppbyggingu og eflingu slökkviliðs á Hólmavík, en hvert sveitarfélag byggðasamlagsins sér um og rekur sitt slökkvilið.

Sorpsamlag Strandasýslu

Strandabyggð er stærsti eigandi Sorpsamlags Strandasýslu, á móti Kaldrananeshreppi og Árneshreppi. Umsvif Sorpsamlagsins hafa aukist á undanförunum árum, í kjölfar lagabreytinga um sorphirðu. Hefur þetta kallað á talsverða fjárfestingu í bílum, gámum, pressu og öðru til starfseminnar. Ljóst er að þessi uppbygging hefur alla burði til að halda áfram, en húsnæðismál Sorpsamlagsins hamla þeirri þróun. Núverandi húsnæði er bæði of líti og óhentugt fyrir starfsemina eins og hún hefur þróast, með tilkomu krókheysibíla og pressu. Stjórn Sorpsamlagsins er því að skoða og móta framtíðar húsnæðismál félagsins.

Niðurlag:

Það má alltaf rökræða um forgangsöröðun og sitt sýnist hverjum. Þessi fjárhagsáætlun er þar engin undantekning og ljóst að margir munu hafa skoðun á henni.

Megin áhersla sveitarstjórnar við ráðstöfun fjármagns á árinu 2026, mun snúa að uppbyggingu íbúðahúsnæðis í Brandskjólum. Skortur á húsnæði er nú þegar stórt vandamál í Strandabyggð og hamlar uppbygginu. Erfitt er fyrir ungt fólk a hefja búskap og hingað ræðst ekki fólk í störf, vegna skorts á húsnæði. Þetta er staðreynd sem verður að mæta. Rétt er líka að hafa í huga, að auknar tekjur eru forsenda fyrir uppbyggingu og vexti Strandabyggðar. Vissulega mun innviðauppbygging í Brandskjólum kosta sveitarfélagið talsverðar upphæðir. Hjá því verður ekki komist. En á móti þarf líka að hafa í huga, að þessi uppbygging mun einnig skapa sveitarfélaginu tekjur í formi gatnagerðargjalda, fasteignagjalda og umfram allt, útsvarstekna fólks sem getur þá flutt til Hólmavíkur, því þar verður þá húsnæði í boði.

Hér er því um sókn til framtíðar að ræða, sókn sem er liður í að tryggja framtíð Strandabyggðar.

Við byggjum samfélag. Samfélag sem býður fólk velkomið, m.a. með húsnæði, öflugum menntastofnunum og fyrsta flokks aðstöðu til menntunar og frístunda. Þessi grunnþjónusta er forsenda þess að hingað komi fólk og að samfélagið stækki.

Hólmavík 5.12.2025

Þorgeir Pálsson

Oddviti